



Skólaárið 2016-2017

Þriðji (3) fundur skóla- og foreldraráðs haldinn í skólanum 4. maí 2017 kl. 8-9.

Mætt voru: Gunnþór skólastjóri, Heike fulltrúi grunnskólakennara, Hanna fulltrúi leikskólakennara, Elín fulltrúi annars starfsfólks, Kristín fulltrúi foreldra grunnskólabarna, Sigurður fulltrúi foreldra leikskólabarna og grenndarsamfélags boðaði forföll.

1. Farið foreldrakönnun lið fyrir lið. Í stuttu máli eru foreldrar mjög ánægðir með starf skólans. Könnunina má skoða á heimasíðu skólans [hér](#).
2. Starfsmannakönnun fræðslusviðs verður lögð fyrir í maí, niðurstöður hennar sem og foreldrakönnunar koma svo samandregnar fram í sjálfsmatsskýrslu skólans sem fer fyrir fræðsluráð í júní.
3. Rætt um yfirstandandi útboð á skólaasktri og skólamat en tilboðsfrestur er til loka maí.
4. Rætt um líðandi vetur sem ráðið er sammála um að hafi gengið vel, fullt af jákvæðum uppbyggjandi verkefnum verið í gangi, stöðugleiki á öllum sviðum undirstaðan s.s. í starfsmannahaldi, fjármálum, aðbúnaður góður og innra starf faglegt og gott.
5. Rætt um næsta vetur sem verður sá sjötti (6) frá því að skólahald breyttist í Árskógi 2012. Næsta vetur verður einhver fjölgun nemenda miðað við stöðuna í dag og skólinn finnur fyrir áhuga fólks að setjast að á Ströndinni. Það er því bjart framundan í Árskógi.

Fleira ekki gert, næsti fundur boðaður í ágúst, skólaráð verður eins skipað veturinn 2017-2018.

fundargerð ritaði Gunnþór skólastjóri